

# HS Veitur hf - Árshlutareikningur janúar til júní 2010

Árshlutareikningur HS Veitna hf. var samþykktur á fundi stjórnar í dag, 27. ágúst 2010.



## Helstu atriði

135 m.kr. viðsnúningur í rekstri m.v. sama tímabil í fyrra.

Hagnaður janúar til júní 2010 er 91 m.kr. á móti tapi fyrir sama tímabil 2009 upp á 43 m.kr.

Aukning í EBITDA en fyrir janúar til júní 2010 er EBITDA 666 m.kr. (32,1%) á móti 554 m.kr. fyrir sama tímabil 2009 (28,4%) eða alls hækkun um 20,2% á milli tímabila.

Fjárhagsstaða er sterk og horfur góðar en eiginfjárlutfall er nánast óbreytt, en það hækkar í 51,0% lok júní en var 50,9% í lok árs 2009.

Veltufjárlutfall var í lok júní 2,16 samanborið við 4,83 í ársbyrjun.

Hluthafar félagsins eru sjö, í lok júní áttu þrír hluthafa yfir 10% hlut í félaginu:

Reykjanesbær	66,75%
Orkuveita Reykjavíkur	16,58%
Hafnarfjarðarbær	15,42%

## Almenn umfjöllun

Hagnaður fyrir janúar til júní 2010 nam 91 m.kr. en tap var á rekstri félagsins janúar til júní 2009 alls um 43 m.kr. Það er viðsnúningur upp á 135 m.kr. sem skýrist m.a. af bættum rekstri, breytingu á gjaldfærðri lífeyrisskuldbindingu og lægri verðbótum langtímalána en frá fyrra tímabili. Gjaldfærð lífeyrisskuldbinding fyrir janúar til júní 2010 var 24 m.kr. á móti gjaldfærslu um 93 m.kr. fyrir sama tímabil í fyrra. Verðbætur langtímalána eru um 167 m.kr. en voru fyrir sama tímabil í fyrra um 222 m.kr.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur HS Veitna hf á tímabilinu 2.073 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 1.082 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 687 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 207 m.kr. og vegna annarrar starfsemi 97 m.kr. Sambærilegar tölur frá fyrra ári eru eftirfarandi: rekstrartekjur 1.954 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 1.009 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 674 m.kr., vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 174 m.kr. og vegna annarrar starfsemi 96 m.kr.

Kostnaðarverð sölu nam 1.460 m.kr. á tímabilinu (þar af námu afskriftir rekstrarfjármuna 247 m.kr.) og nam framlegðarlutfall 29,6% samanborið við 28,9% fyrir sama tímabil í fyrra.

Annar rekstrarkostnaður lækkar verulega á milli tímabila eða um 60 m.kr. (196 m.kr. janúar til júní 2010 og 256 m.kr. janúar til júní 2009). Þessa breytingu má að mestu skýra með breytingu í gjaldfærslu lífeyrisskuldbindingar en hún lækkar á milli tímabila um 69 m.kr.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru neikvæð um 320 m.kr. fyrir janúar til júní 2010, þar af námu fjármunatekjur 23 m.kr. en fjármagnsgjöld 343 m.kr. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld lækka því um 49 m.kr. á milli tímabila. Það má að mestu rekja til lægri verðbóta á langtímalán en verðbætur eru um 167 m.kr. en voru fyrir sama tímabili í fyrra um 222 m.kr. eða alls lækkun um 55 m.kr.

Gjaldfærður tekjuskattur nam 6 m.kr. á móti 16 m.kr. tekjufærslu fyrir sama tímabil 2009. Taka skal fram að afkoma ferskvatnsdeildar er undanþegin tekjuskatti en afkoma deildarinnar var fyrir janúar til júní 2010 um 53 m.kr. en var 49 m.kr. fyrir sama tímabil í fyrra.

EBITDA janúar til júní 2010 er 666 m.kr. (32,1%) á móti 554 m.kr. (28,4%) eða alls hækkun um 20,2% á milli tímabila.

Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir HS Veitna hf þann 30. júní 2010 bókfærðar á 16.734 m.kr. Eignir lækkuðu um 60 m.kr. frá ársbyrjun.

Fjárfestingar í veitukerfum námu á tímabilinu 289 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 222 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 40 m.kr. og vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 27 m.kr. Sambærilegar tölur frá fyrra ári eru eftirfarandi: fjárfestingar í veitukerfum 205 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 164 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 24 m.kr. og vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 16 m.kr.

Skuldir HS Veitna hf nema 8.195 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi, þar af eru skammtímaskuldir 661 m.kr. Skuldir lækkuðu um 57 m.kr. frá 31. desember 2009. Hluta hækkunarinnar í skammtímaskuldum má rekja til hækkunar í áföllnum vöxtum (um 163 m.kr.), en vextir vegna skuldabréfaútboðs eru greiddir einu sinni á ári eða þann 15. desember.

Eigið fé HS Veitna hf nam 8.539 m.kr. í lok tímabilsins. Eiginfjárhlutfall var 51,0% en var 50,9% í ársbyrjun. Í ársbyrjun var eigið fé 8.543 m.kr. Breyting eigin fjár skýrist annars vegar af hagnaði tímabilsins og hins vegar af útgreiðslu arðs upp á 95 m.kr. til hluthafa.

Fjárhagsstaða félagsins í lok júní 2010 er sterk og horfur um rekstur þess góðar. Áfram verður unnið að stækkun veitukerfa félagsins eftir því sem þörf krefur og að tryggja viðskiptavinum félagsins hámarks afhendingaröryggi.

Helstu fjárhæðir úr árshlutareikningnum eru sem hér segir í þús. kr.

	2010		2009		Breyting
	1.1. - 30.6	%	1.1. - 30.6	%	milli tímabila
<b>Rekstrarreikningur</b>					
Rekstrartekjur	2.073.340	100,0%	1.954.146	100,0%	6,1%
Kostnaðarverð sölu	( 1.459.562 )	( 70,4% )	( 1.389.155 )	( 71,1% )	5,1%
<b>Vergur hagnaður</b>	<b>613.778</b>	<b>29,6%</b>	<b>564.991</b>	<b>28,9%</b>	<b>8,6%</b>
Annar rekstrarkostnaður	( 196.272 )	( 9,5% )	( 255.551 )	( 13,1% )	( 23,2% )
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði	417.506	20,1%	309.440	15,8%	34,9%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	( 320.406 )	( 15,5% )	( 369.263 )	( 18,9% )	( 13,2% )
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	97.100	4,7%	( 59.823 )	( 3,1% )	( 262,3% )
Tekjuskattur	( 5.787 )	( 0,3% )	16.449	0,8%	( 135,2% )
<b>Hagnaður (tap) tímabilsins</b>	<b>91.313</b>	<b>4,4%</b>	<b>( 43.374 )</b>	<b>( 2,2% )</b>	<b>( 310,5% )</b>
	<b>30.6.2010</b>		<b>31.12.2009</b>		
<b>Efnahagsreikningur</b>					
Fastafjármunir	15.304.338	91,5%	15.266.181	90,9%	0,2%
Veltufjármunir	1.430.248	8,5%	1.528.751	9,1%	( 6,4% )
<b>Eignir samtals</b>	<b>16.734.586</b>	<b>100,0%</b>	<b>16.794.932</b>	<b>100,0%</b>	<b>( 0,4% )</b>
Eigið fé	8.539.339	51,0%	8.543.026	50,9%	( 0,0% )
Langtímaskuldir	7.533.830	45,0%	7.935.715	47,3%	( 5,1% )
Skammtímaskuldir	661.417	4,0%	316.191	1,9%	109,2%
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>16.734.586</b>	<b>100,0%</b>	<b>16.794.932</b>	<b>100,0%</b>	<b>( 0,4% )</b>
<b>Kennitölur</b>					
EBITDA	666.263	32,1%	554.432	28,4%	20,2%
Veltufjárhlutfall	2,16		4,83		( 55,3% )
Eiginfjárhlutfall	51,0%		50,9%		0,3%

Nánari upplýsingar veitir Júlíus Jónsson, forstjóri HS Veitna hf., í síma 422 5200/860 5208.